

## Spekin og síðnútíminn

### Önnur nálgun í samstæðilegri guðfræði

#### Guðfræði Hartmuts Rosenau

#### Inngangur

Þegar orðræðan innan evangelískrar guðfræði undanfarna áratugi er skoðuð — sérstaklega innan samstæðilegrar guðfræði í Þýskalandi — má greina breytingar í áherslum fræðimanna. Við nánari athugun kemur nefnilega í ljós að þessar breytingar eru margar hverjar mun róttækari en þær sem alla jafna skilja að kynslóðir. Höfundum sem mótuðu orðræðuna fram á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var tamt að setja guðfræði sína fram á samstæðilegan hátt innan nær altækra kerfa, ef svo mætti að orði komast. Væri þessum guðfræðingum skipt í kynslóðir mætti kenna fyrstu kynslóðina við svokallaða díalektíska guðfræði. Innan hennar voru lútheranarnir Rudolf Bultmann (1888–1976), Paul Tillich (1886–1965) og Friedrich Gogarten (1887–1967) áberandi. Þeir voru mishallir undir tilvistarheimspekina sem þeir tengdu við megináherslur lútherskrar guðfræði, þ.á m. kenninguna um réttlætingu af trú og aðgreininguna í lögmál og fagnaðarerindi. Kalvínistinn Karl Barth (1886–1968) nýtti sér aftur á móti, án þess að geta þess sérstaklega, margt úr heimspeki Hegels þegar hann setti fram sitt yfirgripsmikla guðfræðikerfi.<sup>1</sup>

Við hlið díalektísku guðfræðinnar varð til önnur öflug hreyfing sem kennd var við nýlúthersdóm, en hún var afsprengi þeirra öflugu lúthersrannsókna sem fylgdu í kjölfar Weimarútgáfunnar á verkum Marteins Lúthers (1883–2009). Innan nýlúthersdómsins voru meðal annarra framarlega í flokki þeir Karl Holl (1866–1926), Emanuel Hirsch (1888–1972), Paul Althaus (1888–1966) og Werner Elert (1885–1954). Mikilvægur fulltrúi Elerts — af annarri kynslóð — er Gerhard Ebeling (1912–2001) sem mótaði öflugan skóla. Bakgrunnur Ebelings er upphaflega í kirkjusögu, nánar tiltekið lúthersrannsóknum, en meðal annarra verkefna vann hann alla ævi að Weimarútgáfunni. Árið 1956 yfirgaf hann prófessorsstöðu sína í kirkjusögu í Tübingen og gerðist prófessor í samstæðilegri guðfræði og túlkunarfræði í Zürich. Í guðfræðikerfi Ebelings sameinast þrjú þættir. Fyrst ber að nefna biblíurannsóknir þar sem arfleifð Rudolfs Bultmann er virk. Í annan stað má nefna lúthersrannsóknir þar sem arfleifð Holls, Elerts og Hanns Rückert (1901–1974) er þróuð áfram og í þriðja lagi tilvistarheimspekina eða heimspeki Martins

<sup>1</sup> Um þessi tengsl vitnar vel rit hans: Karl Barth, *Die protestantische Theologie im 19. Jahrhundert*, Zöllingen/Zürich: Evangelischer Verlag AG, 1947.

Heidegger (1889–1976). Vel má líta á fulltrúa þriðju kynslóðarinnar, þá Wilfried Härle (1941) og Eilert Herms (1940), sem arftaka hans. Í guðfræðidkun sinni grípa þeir mikið til Lúthers, Friedrichs Schleiermacher (1768–1834) og rannsókna innan félagsvísinda, þar á meðal til Niklas Luhmann (1927–1998).

Eberhard Jüngel (1934) ber aftur á móti að meta sem arftaka Karls Barth, en hann á í greiningum sínum á samtímanum og kristinni arfleifð m.a. í ítarlegu samtali við arfleifð vestrænnar heimspeki. Lærisveinn hans, Ingolf Dalferth (1948), sem telst til þriðju kynslóðar barthíanskrar guðfræði, hefur þróað þessa nálgun áfram. Rannsóknir Dalferths eru m.a. á sviði málheimspeki, túlkunarfræði og guðfræðilegs tungutaks. Dalferth var fram að eftirlaunum arftaki Ebelings í Zürich og endurspeglar starf hans þá spennu sem ávallt hefur verið á milli barthíanskra og lútherskra áherslna innan guðfræðinnar.<sup>2</sup> Það sem einkennir fulltrúa áðurnefndra kynslóða er viðleitni til framsetningar á tiltölulega heildstæðum kerfum. Óhætt er að segja að vissum hápunkti þessarar viðleitni hafi verið náð árið 2017 með útgáfu bókar Eilerts Herms, *Systematische Theologie*, sem er 3468 síður að lengd og langt frá því að vera auðlesin.<sup>3</sup>

Ef hugað er að fulltrúum fjórðu kynslóðar samstæðilegra guðfræðinga í Þýskalandi, þá er fælmi sumra fulltrúa hennar við það að setja fram altæk kerfi eftirtektarverð, enda þótt þeir þrói þessa arfleifð áfram. Menn leita frekar að sjónarhornum og nálgunarmöguleikum til að greina hvað sé yfirleitt viðfangsefni „samstæðilegrar“ guðfræði og hvernig megi eða eigi að meðhöndla það. Það sem greinir þá frá fyrri kynslóðum er meðvitund þeirra um margræðni viðfangsefnisins, sem og nálganir gagnvart því.<sup>4</sup> Einn af þessum „yngri“ höfundum innan samstæðilegrar guðfræði í Þýskalandi er Hartmut Rosenau (f. 1957). Í viðleitni sinni til að skilgreina viðfangsefni samstæðilegrar guðfræði hefur hann leitast við að nýta sér spekihefð Ritningarinnar, m.a. hvað snertir stöðu hennar innan Ritningarinnar, viðtökusögu hennar og tengsl samstæðilegrar guðfræði við ritskýringu. Nálgun Rosenaus er allrar athygli verð fyrir einkum tvær sakir. Þar ber fyrst að nefna viðleitni hans að tvíanna saman biblíurannsóknir og samstæðilega guðfræði. Í annan stað nýtir hann sér spekihefðina til að varpa ljósi á þróun og veruleika samtímans með áhugaverðum hætti sem hann lítur á sem sérstaka útfærslu af kenningunni um réttlætingu af trú. Ég mun nú leitast við að gera stuttlega grein fyrir nálgun hans. Fyrst verður reifuð umfjöllun hans á sígildum leiðum guðfræðinga á greiningu á eigin samtíð og síðar hvernig hann grípur til spekihefðarinnar í leit að sjónarhóli í þeirri viðleitni.

## Guðfræði og samtími

Þegar skilgreina á samtímamann er oft gripið til hugtakanna póstmóðernismi eða síðnútími. Með þessum hugtökum er m.a. vísað til þeirrar fjölmenningar sem einkenna eigi mörg samfélög nútímans þar sem mörg trúarbrögð, hugmyndastefnur og

<sup>2</sup> Ingolf U. Dalferth, *God first: Die reformatorische Revolution der christlichen Denkungsart*, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2018.

<sup>3</sup> Eilert Herms, *Systematische Theologie: Das Wesen des Christentums: In Wahrheit und aus Gnade leben*, Tübingen: Mohr Siebeck, 2017.

<sup>4</sup> Dæmi um þetta er handbókaröðin sem Ebeling-lærisveinninn Albrecht Beutel setti á laggirnar. Fyrsta bindið var *Luther Handbuch*, Tübingen: Mohr Siebeck, 2005. Í kjölfarið fylgdu handbækur um Pál, Jesú, Aþanasíus, Ágústínus, Kalvín, Schleiermacher, Barth og Bultmann, svo að dæmi séu tekin.

menningarstraumar mætast. Þannig er ekki lengur hægt að tala um vestræn samfélög sem eina menningarheild eins og var gert hér áður fyrr. Þetta þýðir fyrir kirkju og kristni að hún er vissulega mótandi afl í samfélaginu, en nú eitt af mörgum. Af þessu má vel draga þá ályktun að skilgreina megi samtímamann sem eftir-kristinn — þó ekki í þeim skilningi að í honum sé kristnin ekki lengur til staðar, heldur að hún er ekki lengur hið eina afgerandi og mótandi afl í samtíma Vesturlanda. Þessi staða endurspeglast vel í því að margir hafa ekki lengur beinan aðgang að kristnum hefðum og venjum — sem eru þar að auki fjölda fólks framandi. Það veit almennt ekki hvers vegna hvítasunnuhátíðin er haldin og jafnvel inntak páskanna er mönnum hulið eða í það minnsta veldur það heilabrotum. Staða kristninnar og tákna hennar er orðin umdeild í opinberu lífi. Það sem áður þótti sjálfsagt og sjálfgefið þarfnast nú skýringa við.<sup>5</sup> Þannig er mögulegt að tala um visst hefðarrof í samtímanum. Spurningin sem Rosenau spyr er hvernig eigi að greina og bregðast við þessari stöðu.

### Að greina vandann

Að mati Rosenaus hefur kirkjan leitast við að skilgreina vanda samtíðar sinnar hverju sinni: annars vegar með því að höfða til svonefndrar náttúrulegrar opinberunar og hins vegar sérstakrar opinberunar í Kristi.<sup>6</sup> Vandinn sem bæði kirkjan og háskólasamfélagið standa frammi fyrir í dag felst í því hvernig skuli túlka inntak kristindómsins inn í hinn „eftir-kristna“ samtíma. Hvernig á að ræða við fólk og til hvaða hugmynda er hægt að höfða eða vísa til í slíku samtali? Í þessu sambandi á sú nálgun sem er byggð á svonefndri náttúrulegri opinberun mjög merka og langa leið að baki en innan hennar er höfðað til eðlislægs átrúnaðar mannsins. Reynt er að skilgreina hvaða hugmyndir maðurinn hefur um Guð sem hann getur greint í samhengi almennrar og persónulegrar reynslu sinnar af umhverfi og í samfélagi manna.<sup>7</sup> Þessar hugmyndir voru áberandi á hámiðöldum þegar menn settu fram það sem nefnt hefur verið guðssannanir um tilvist Guðs í veruleikanum, t.a.m. Anselm frá Kantaraborg (1033–1109) og Tómas frá Aquino (1222–1274).<sup>8</sup> Rosenau heldur því fram að það hafi komið snemma í ljós að slíkar guðssannanir — hvort sem þær sannfærðu enn með rökum eða ekki — haldi ekki og dugi lítt til að takast á við þær spurningar sem þeim var ætlað að svara, þ.e.a.s. hvort veruleikinn hefði einhvern grundvöll sem veitti öllu lífi og sköpun merkingu. Það sem þær áttu að segja mannum um tilvist Guðs eða það sem snerti beint Guð og tilvist mannsins, um það þögðu þær.<sup>9</sup>

Sá grundvöllur sem náttúruleg guðsopinberun og slíkar guðssannanir áttu að vera, færast til, sérstaklega með tilkomu Renés Descartes (1596–1650), yfir í sjálfsvitund mannsins. Sjálfsvitund mannsins er nú hinn óvægjanlegi grundvöllur tilverunnar sem „ég“ get byggt á, í samræmi við setningu Descartes: „ég hugsar, því

<sup>5</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten: Grundwissen einer sapientialen Dogmatik*, Lehr- und Studienbücher zur Theologie 8, Berlín: LIT Verlag, 2012, bls. 5–9.

<sup>6</sup> Hartmut Rosenau, „Guðfræði spekinna: Kynning á guðfræði biðarinnar“, *Sigurjónsbók*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 251–262, hér 251–255.

<sup>7</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 44–51.

<sup>8</sup> Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Tilvist, trú og tilgangur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008, bls. 65–86.

<sup>9</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 67–73.

er ég“. Það gildir bæði um sjálfsskilning „minn“ og túlkun „mína“ á veröldinni.<sup>10</sup> Þar með er hugmyndin um Guð eiginlega orðin óþörf. Henni er skipt út fyrir sjálfsvitund mannsins.<sup>11</sup> Allt tekur að snúast um manninn og tilveru hans og er þessi breyting innan guðfræðinnar nefnd hinn mannmíðlægi viðsnúningur (þ. *die anthropologische Wende*; e. *the anthropological turn*).

Eftir þessi straumhvörf varð það hlutverk guðfræðinga að finna leiðir til að gera hugmyndina um Guð merkingarbæra á ný í tengslum við manninn og tilvist hans. Í því tilliti er í mesta lagi hægt að draga fram þau mörk sem sett eru tilvist mannsins og greina þau. Það gefur að skilja að menn beindu hér sjónum sínum sérstaklega að mannum sem tímanlegri og dauðlegri veru, þ.e.a.s. að merkingu eigin lífs beri maðurinn ekki í sér. Það verði að gera ráð fyrir öðru sviði, veruleika eða krafti sem grundvelli lífs hans. Maðurinn er ekki sá sem skapar sig sjálfur eða kallar sig fram. Um er að ræða að maðurinn sé kallaður fram og borinn uppi af mætti sem er handan hans, en hvernig eigi að skilgreina þennan mátt er ekki á valdi náttúrulegrar guðfræði.<sup>12</sup>

Það væri einungis mögulegt með annars konar guðfræði, guðfræði opinberunarinnar. Það merkir að það er aðeins hægt að tala um Guð af því að Guð hefur opinberað sig og samkvæmt kristnum skilningi gerir Guð það í Jesú Kristi. Því er trúað að í Kristi sé að finna hina endanlegu opinberun Guðs og í ljósi hennar hafa kristnar trúarkenningar, siðfræði, kirkjuskilningur og kristið líf verið mótað.

Á því tímabili sögunnar sem nefndur er nútími kemur fram hin vísindalega aðferð í sögurannsóknum. Hún hefur verið nefnd sögurýnin (þ. *historisch kritische Forschung*, e. *historical criticism*).<sup>13</sup> Sú spurning verður krefjandi: „Hvernig vitum við að Guð opinberar sig í Kristi?“ því að það sem við höfum um þessa spurningu er vitnisburður Ritningarinnar og það að í ritum Nýja testamentisins er sagt að Guð hafi opinberað sig í Kristi. Þessi áhersla á opinberun Guðs svæfði ekki þær spurningar sem sögurýnin vakti. En með aðferðum sögurýnnar hefur verið sýnt fram á að innan Nýja testamentisins er talað um Jesú Krist sem opinberun Guðs á margs konar máta. Þannig inniheldur Nýja testamentið ekki vitnisburð um eina algilda opinberun Guðs í Kristi, heldur margbreytilega.<sup>14</sup> Guðspjöllin lýsa því t.d. með ólíkum hætti hvernig greina má að Jesús sé Kristur. Samkvæmt Matteusarguðspjalli er hann það í ljósi fyrirheita Gamla testamentisins, í Lúkasarguðspjalli er vísað til fæðingar Jesú, þ.e. meyfæðingarinnar, en í Jóhannesarguðspjalli er aftur á móti vísað til þess að hann sé sonur Guðs og Orðið sem var í upphafi hjá Guði. Í Markúsarguðspjalli gengst Guð við Jesú sem syni sínum í skírinni. Páll postuli talar aftur á móti um Jesú sem hinn krossfesta Krist og um staðfestingu tignar hans í upprisunni.<sup>15</sup> Þannig má sjá að innan Nýja testamentisins er spurningunni svarað með margs konar hætti og svörin virðast mörg hver vera í andstöðu hvert við annað. Þessi fjölbreytni innan Nýja testamentisins gerir mönnum erfitt fyrir með að tala um opinberun Guðs í Jesú Kristi sem eitthvað eitt og algilt þar sem það kallar á svo fjölbreytta reynslu og túlkun. Vandinn er hvernig eigi að skilja þessa mismunandi

<sup>10</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 53–54.

<sup>11</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 59.

<sup>12</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 77–86.

<sup>13</sup> Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Kristin siðfræði í sögu og samtíð*, Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 97–103.

<sup>14</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 109–120.

<sup>15</sup> Hartmut Rosenau, *Glauben — Denken — Handeln*, Glauben und Leben 62, Berlin: LIT Verlag, 2013, bls. 79–86.

framsetningu og þá einnig hvernig hægt sé að taka skrefið í túlkun okkar á Jesú frá Nasaret til Jesú Krists. Og þá erum við aftur komin að reynslu okkar og hugsun eða að þeim stað þar sem greining náttúrulegrar guðfræði hefst.

Umraðan er komin í hring. Byrjað var á náttúrulegri guðfræði sem veitti ekki svar. Svo var leitað til kristsmiðlægrar opinberunarguðfræði sem gerði það ekki heldur og nú erum við komin til baka. Eftir tvö hundruð ára tímabil sögulegra rannsóknna og íhugunar þeim tengt standa guðfræðingar frammi fyrir því að það er ekki til staðar neinn algildur rammi eða grunnur sem mögulegt er að byggja á. Hefðbundin svör guðfræðinnar eru ekki lengur örugg, þau eru jafnvel vafasöm, alla vega hafa verið sett stór spurningarmerki við þau. Vandann mætti því orða á eftirfarandi hátt: „Á hvaða grunni getur þá guðfræði og kristin trú byggst?“

### Möguleikar spekihefðarinnar

Þessi staða trúarinnar í samtímanum á sér hliðstæðu í Gamla testamentinu í hinni svonefndu spekihefð sem ritin Prédikarinn, Rutarbók, Orðskviðirnir og Ljóðaljóðin eru fulltrúar fyrir þótt hennar gæti einnig víðar í Gamla testamentinu. Í Nýja testamentinu er ekkert rit sem flokkast til þeirrar hefðar þó að greinilegt sé af guðspjöllunum að Jesús hafi gripið til hennar í boðun sinni.<sup>16</sup> Spekihefðin vitnar um fjölmenningu, hefðarrof og afstæðishyggju og verður áberandi í hebreskri trúarhugsun eftir herleiðinguna (538 f.Kr.) og á hinu svonefnda hellenska tímabili á þriðju til fyrstu aldar fyrir Krist. Guðfræðingar þessa tímabils reyndu að mæta afstæðishyggju samtíma síns með þeirri leit og þeim aðferðum sem spekihefðin geymdi: í því fólst að alhæfa hvorki um vægi fortíðar (þ.e. hefðina) né framtíðarinnar (hina spámannlegu og apókalyptísku hefð) á kostnað nútíðar. Samkvæmt þeirri hugsun er blessun Guðs ekki einungis að finna í fortíð eða komandi framtíð heldur mótar hún einnig samtíðina. Á þessu tímabili má segja að trúarvissan og trúarsannfæringin hafi verið búin að tapa rófustu sinni eða verið fljótandi. Þær hefðir sem höfðu mótað orðræðuna um Guð voru hvorki traustar né augljósar. Þegar trúin var orðin óviss þá varð mynd manna af Guði og Guð sjálfur það einnig. Menn greindu vel þögn og fjarlægð hans. Guð var vissulega til staðar, en menn skynjuðu ekki nærveru hans. Hér er ekki um að ræða afstöðu guðleysis, heldur er um að ræða þá stöðu að menn vita ekki lengur hvernig á að tala á skýran og greinilegan máta um veruleika og nálægð Guðs.<sup>17</sup>

### Ritningin sem vitnisburður um krísu samtals Guðs og manns<sup>18</sup>

Í Gamla testamentinu má greina hvernig menn hafa þar skilgreint nærveru Guðs í gegnum árhundruðin. Í elstu textum Ritningarinnar, sem eru frá því um 900 f. Kr. (sá hluti hefur verið nefndur *Jabvistí*), er tengslum Guðs og manns lýst á þann veg að um sé að ræða bein samskipti og persónulegt samband Guðs og manns. Guð er

<sup>16</sup> Martin Ebner, „Jesus als Weisheitslehrer“, *Jesus Handbuch*, ritstj. Jens Schröder og Christine Jacobi, Tübingen: Mohr Siebeck, 2017, bls. 417–425.

<sup>17</sup> Rosenau reifaði á lifandi máta þessa sögu í ítarlegu viðtali sem greinarhöfundur og Ævar Kjartansson áttu við hann og var flutt í Ríkisútvarpinu 9. október 2016 í útvarpsþættinum *499 árum síðar*. Hér er m.a. stuðst við það.

<sup>18</sup> Rosenau í útvarpsþættinum *499 árum síðar*, þann 9. október 2016.

sagður vera á gangi í kvöldsvalanum í aldingarðinum Eden og tala við manninn líkt og nágranna. Adam og Eva gátu þar ávarpað Guð beint.

Tvö hundruð árum síðar, eða um 750 f. Kr., innan svonefndrar *elobímískrar* hefðar, færirst áherslan til.<sup>19</sup> Nú talar Guð ekki beint við menn, heldur í gegnum aðra, eins og engla, eins og kemur fram í frásögnunum um Abraham. Í Fyrstu Mósebók segir frá því er Abraham og Sara eru heimsótt af þremur verum sem þau ræða við. Fyrst eftir að þær eru farnar áttar Abraham sig á því að þau voru sótt heim af Guði (1Mós 18.1–16). Auk þess má hér líka geta draums Jakobs (1Mós 28.10–22) og Jóseps (1Mós 28.1–11), en draumurinn er mótsstaður Guðs og manns sem þarfnast sérstakrar túlkunar. Guð segir sem sé fólki ekki lengur beint hvað hann vill. Hið sama á við er Guð birtist mönnum í tengslum við náttúruundur, eins og þegar Drottinn mætir Móse í brennandi runna (2Mós 3.1–18). Guð talar hér í þessum frásögnum í gegnum annan, þ.e. engil, í draumi, í náttúruundrum, dýrum o.s.frv.

Svo er það þriðja hefðin sem kennd er við hið svonefnda prestarit sem er áberandi um 600–500 f.Kr. Þar hefur sambandið milli Guðs og manns dregist enn meir í sundur og er orðið erfitt. Því er einungis komið á með helgihaldi þar sem prestar sinna mikilvægu miðlunarhlutverki fyrir samband Guðs og manns. Helgisíðirnir verða nú æ flóknari og það er einungis á færi sérmenntaðra presta að sinna þeim. Prestar geta þó ekki rætt við Guð bara fyrir tilstuðlan helgisíðanna, heldur er samtalið bundið við ákveðinn tíma og stað. Þeir verða að undirbúa sig sérstaklega fyrir það m.a. með hreinsunum og fórnun.<sup>20</sup>

Í öllu þessu ferli hafa spámennirnir sérstöðu, bæði fyrir herleiðinguna til Babýlon og einkum meðan á henni stendur og eftir hana. Þegar hið svonefnda suðurríki, konungsríkið Júda, fellur (587 f.Kr.) og megnið af efri og millistétt þess var herleitt til Babýlon (587–538 f.Kr.) tapar þjóðin ekki bara landi sínu, musteri og konungi, heldur tilverurétti sem þjóð. Niðurlægingin veldur djúpri tilvistarkreppu og í henni miðri kemur fram á sjónarsviðið spámaður sem jafnan er nefndur Devteró-Jesaja, eða annar Jesaja (Jes 40–55). Hann boðar fólkinu að það muni snúa aftur heim og að heimkoma þess verði hjálpræði þess. Dvölin í Babýlon muni taka enda. Brottförin verði lík og frá Egyptalandi forðum. Spámaðurinn setur boðskap sinn fram án allra skilyrða og það sem Guð hefur boðað mun verða: Guð er máttugri en allt, hjálpræðið er víst og fólksins biður paradís. Það sem boðað var stóðst að hluta til því að Kýrus Persakonungur leyfði þjóðinni að snúa heim eftir sigur sinn á Babýloníumönnum og margir sneru aftur. En það sem fólkið fann heima fyrir voru rústir musterisins, í húsum þess, ef þau stóðu yfirleitt, bjó nú ókunnugt fólk, landið í auðn. Hjálpræðisboðskapur annars Jesaja rættist ekki.

Þá kom annar spámaður fram á sjónarsviðið sem nefndur hefur verið þriðji Jesaja (Jes 56–66). Hann segir að til þess að fyrirheit Guðs rætist verði að uppfylla viss skilyrði og um fram allt að endurreisa musterið. Fyrirheit Guðs eru ekki lengur skilyrðislaus, heldur skilyrt. Fólkið tekur þetta til sín og gerir það. Það byggði sem

<sup>19</sup> Um tilurð og vægi þessarar hefðar er deilt. Sjá umræðu: Jan Christian Gertz, „I. Torah und Vordere Propheten“, *Grundinformation — Altes Testament*, ritstj. Jan Christian Gertz, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 4. útgáfa, 2010, bls. 193–311, hér 201–211.

<sup>20</sup> Hér er m.a. stuðs við viðtali sem höfundur og Ævar Kjartansson áttu við Rosenau og var flutt í ríkisútvarpinu 9. október 2016 í útvarpsþættinum *499 árum síðar*.

sé ekki fyrst hús fyrir sig og sína, því að til að byrja með vék allt fyrir musterisbyggingunni. Þetta var erfitt starf sem tók langan tíma, eina eða tvær kynslóðir. En þegar musteríð var tilbúið, hvað gerðist þá? Ekkert! Lífið breyttist ekki, það gekk sinn vanagang. Það var hvorki betra né verra en áður og ekki kom paradís.

Eftir þetta kom spámaðurinn Haggái fram á sjónarsviðið og hann starfaði um 520 f.Kr. Hann boðar að það sem gert hafi verið hafi verið þrýðilegt en það þurfi að koma skikki á helgihaldið og Jahve-dýrkunina. Fyrst þegar því hefur verið lokið og heiðnum áhrifum eytt úr samfélaginu rætist fyrirheitið. Það var gert og þegar búið var að verða við þeim kröfum var það sama uppi á teningnum. Hvorki paradís né uppfylling fyrirheita Guðs urðu að áþreifanlegum veruleika innan samfélagsins.

Fjórði spámaðurinn, Sefanía, setti félagslegt réttlæti á dagskrá. Annast verður um fátæklinga, ekkjur, munaðarlausu o.s.frv. Þetta var gert: réttlátari lög sett, lagað til í kerfinu o.s.frv. sem tók sinn tíma. En þegar komið er fram á fjórðu öld f.Kr. eru bæði paradís og fyrirheit Guðs jafn lítt sjáanleg og áður.<sup>21</sup> Þegar næsti spámaður ætlar að hefja upp raust sína hefur fólkið fengið nóg. Jafnvel þótt spámenn stígi fram með miklu kennivaldi er einfaldlega ekki hlustað á þá og þeir hverfa nú sem áhrifavald í sögu Ísraels. Spámenn höfðu sett hvert skilyrðið á fætur öðru fyrir því að fyrirheit Guðs myndi rætast og það var sama hvað fólk gerði, allt kom fyrir ekki.

### **Glíman við þögn Guðs í Ritningunni**

Þegar hér var komið sögu í trúarsögu Ísraels voru, að mati Rosenaus, til staðar þrjú möguleikar um hvernig ætti að taka á málum.<sup>22</sup> Fyrst ber að nefna guðleysið en það var í fornöld ekki fyrir hendi sem raunhæfur valmöguleiki. Í annan stað voru það heimsslitafræðin. Með þeim var kennt að spámennirnir hefðu ekki verið að ræða um paradís eða Guðsríki á jörðu, heldur vísað til komandi veruleika í fjarlægri framtíð. Þeir hafi verið að tala um það þegar Guð myndi í lok tímanna reisa ríki sitt á jörðu. Það beri því að forðast að túlka orð spámannanna sem beinar tilvísanir inn í hinn sögulega veruleika. Miklu fremur sé um að ræða veruleika sem sé handan þess sem maðurinn þekkir.<sup>23</sup> Í þriðja lagi er það hin forna spekihefð sem margir vísa til í leit að huggun frekar en þeirri óvissu og fjarlægju framtíð sem boðuð var innan heimsslitafræðanna. Menn létu heldur ekki huggast af tilhugsuninni um betra líf í eilífðinni eftir dauðann. Fólk vildi lifa góðu og guðrækilegu lífi meðan það lifði. Spurningin var engu að síður hvernig ætti að fara að því. Menn gátu ekki bundið sig um of við fortíð hjálpræðissögunnar. Hún gat vissulega verið sönn, en hún samræmdist ekki daglegri reynslu. Menn höfðu ekki þann beina aðgang að Guði sem þar var greint frá — nokkuð sem er líka þekkt nú á tímum, sem sé veruleiki hefðarofs þar sem hugmyndir og lífskerfi fyrri tíma ná ekki utan um samtímann. Í Ísrael, á persneska og hellenska tímabilinu (5.–1. öld f. Kr.) sem hér um ræðir, voru hvorki hefðarhyggja, sem leitaði til fortíðar í leit að nálægð Guðs, né heimsslitafræðin þar sem nálægð Guðs átti að bíða við lok tímanna, trúverðug.

<sup>21</sup> Hartmut Rosenau, *Auf der Suche nach dem gelingenden Leben: Religionsphilosophische Streifzüge*, Neukirchen-Vluyn: Neukirchener Verlagshaus, 2000, bls. 98–103.

<sup>22</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 96–100.

<sup>23</sup> Hartmut Rosenau, *Auf der Suche nach dem gelingenden Leben*, bls. 123–139. Margar þessara mynda er að finna m.a. í Opinberunarbók Jóhannesar.

## Sjónarhorn spekinnar

Fulltrúar spekinnar innan Ritningarinnar leita í eigin umhverfi að óbeinum tilvísunum í veruleika Guðs. Ef ekki er hægt að nálgast Guð í helgihaldinu, musterisþjónustunni, sögunni, framtíðinni eða handanverunni, þá ber að leita að tilvísunum til hans í náttúrunni. Í henni má greina ákveðin lífskerfi eða lögmál sem liggja öllu lífi til grundvallar (1Mós 1.1–31) — og þar með samfélagi manna. Að mati fulltrúa spekinnar vísa þau til Guðs og merkingar lífsins.<sup>24</sup> Þar að auki má greina svipaðar skírskotanir í samfélagi manna og persónulegum samböndum.<sup>25</sup> Í Orðskviðunum er að finna mikið af slíkum vangaveltum, sem og í Prédikaranum og nokkrum Davíðssálmum. Í Rutarbók og Ljóðaljóðunum, sem einnig tilheyra þessari hefð, er höfðað til þess sama, í tengslum við persónuleg vina- og ástarsambönd. Í þessum ritum er mögulegt að greina hvernig fulltrúar spekihefðarinnar leitast við að draga fram hulin skref um nálægð Guðs í veruleika hversdagsins. Merkielegt er að með þessum athugnum kemur fram vísir að náttúrufræðilegri nálgun eða sýn á veruleikann. Fulltrúar spekinnar byrja að greina og flokka hina ýmsu þætti sköpunarinnar, eins og kemur vel fram m.a. í sköpunarsögunni (1Mós 1.1–2.4), taldar eru upp tegundir lífvera og málna o.s.frv. Náttúran verður áhugaverð sem staður óbeinnar nálægðar Guðs. Það sama á við um uppbyggingu samfélagsins.<sup>26</sup> Þessi leit fulltrúa spekihefðarinnar að nálægð Guðs átti sér stað í skólum sem voru bundnir fjölskyldunni og fræðasetrum nákomnum musterinu. Um var að ræða guðfræðistefnu sem var að hluta til bundin prestastéttinni en ekki borin uppi af henni.<sup>27</sup>

## Spekihefðin og nútímaguðfræði

Innan spekihefðarinnar er hugað að þeim hefðum og kerfum sem maðurinn er hluti af og móta hann, hvort sem þau er að finna innan náttúrunnar, samfélagsins, fjölskyldunnar eða í eigin lífi. Maðurinn ber svo að segja ekki lífið í sjálfum sér heldur er það til staðar innan þessara lífsferla.

Maðurinn þarf að gera sér grein fyrir því sem honum er svo að segja gefið með tilvist sinni. Hann þarf að sjá, greina og læra að virða og treysta lífskerfum og lífsferlum veruleikans. Rosenau grípur í þessu samhengi til blessunarhugtaksins og vægis þess innan Ritningarinnar.<sup>28</sup> Maðurinn þarf að læra að meta blessunina og læra að lifa í samhljómi með henni. Spekin spyr hvernig við getum greint blessunina og lifað í samræmi við hana. Spurningin snýst ekki um hjálpræði handan sögunnar eða um algjöra hjálpræðisvissu hér og nú, heldur um möguleika þess að skynja þau jákvæðu ferli sem bera uppi og móta daglegt líf fólks.<sup>29</sup>

<sup>24</sup> Hartmut Rosenau, *Auf der Suche nach dem gelingenden Leben*, bls. 103–106.

<sup>25</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 90.

<sup>26</sup> Ludger Schwienhorst-Schönberger, *Kobelet, Herders Theologischer Kommentar zum Alte Testament*, Freiburg im Breisgau: Verlag Herder, 2004, bls. 296–297, sbr. einnig bls. 155–181.

<sup>27</sup> Ludger Schwienhorst-Schönberger, *Kobelet*, bls. 106–108 og 294–295; Ernst Haag, *Das hellenistische Zeitalter: Israel und die Bibel im 4. bis 1. Jahrhundert v. Ch.*, Biblische Enzyklopädie 9, Stuttgart: Verlag W. Kohlhammer, 2003, bls. 45–53 og 104–111.

<sup>28</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 196. Sjá nánar um blessunarhugtakið í Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Blessun Arons: Uppruni, notkun og áhrif“; Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Að ná áttum: 18 ritgerðir*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2019), bls. 373–396.

<sup>29</sup> Hartmut Rosenau, „Segen: Systematisch-Theologische“, *Segen*, ritstj. Martin Leuenberger, Themen der Theologie 10, Tübingen: Mohr Siebeck, 2015, bls. 165–186, hér 170–171.



Þegar farið er á fætur að morgni upplifir fólk að það er bæði frjálst og háð samhengi sínu. Hægt er að taka ákvarðanir um sumt þótt annað sé aftur á móti öðrum háð. Þegar hugað er nánar að þessari stöðu má vel skilgreina hana á þá leið að maðurinn sé í raun algjörlega háður. Hvað hefur maðurinn sem honum er ekki gefið? Rosenau vísar hér til greininga Friedrichs Schleiermacher (1776–1834) um að maðurinn sé óendanlega háður hinum æðri veruleika.<sup>30</sup> Þegar menn greina það, þá þróa þeir með sér trúarlegt sjónarhorn á veruleikann sem hjálpar einstaklingnum að greina það sem ber uppi líf hans, veitir hald og hjálpar honum til að ná áttum í tilverunni.<sup>31</sup>

Þessi áhersla kemur vel fram í þeim framsetningarmáta innan spekihefðarinnar sem felst í frásögn frá sjónarhorninu *ég*. Ekki er um að ræða það sjálf er mótar svo einstaklingshyggju nútímans, heldur er verið að draga fram þetta sjónarhorn á veruleikann í stað þess að setja fram algild kerfi. Prédikarinn er gott dæmi um þessa áherslu innan spekihefðarinnar. Hann reifar hvernig hefðin hefur tapað sannfæringarkrafti og kenningarvaldi sínu. Prédikarinn dregur fram þessa persónulegu sýn með orðunum „ég sá að“, „ég virti fyrir mér“, „ég komst að raun um“ o.s.frv. Allt sem menn leggja á sig og sækjast eftir, hvort sem það er auður, völd, nautnir, virðing, þekking, viska o.s.frv., veitir ekki endanlegt hald (Préd 1.2), segir prédikarinn. Það mætti ætla að hann kenndi að hefðin hefði ekkert gildi fyrir hann, en það segir prédikarinn ekki, af því að hann gerir hvorki hefðina né sjálfan sig að algildum mælikvarða. Báðir þættir eru afstæðir í huga hans. Hann nýtir sér hefðina og ræktar hana þótt hann samþykki ekki allt sem hún geymir. Prédikarinn leitast mun fremur við að koma á samtali milli hennar og sjálfs sín og í því hefur hvorugt algjört vægi. Bæði eru afstæð.<sup>32</sup>

Prédikarinn virðir hefðina sem greinir frá beinum samgangi milli Guðs og manna, þótt það sé ekki hans reynsla. Prédikarinn veitir eigin upplifun og eigin lífi vissulega mikið vægi, eins og þekkt er úr nútímanum, en þar að auki er hann sér vel meðvitaður um afstæði þess. Það er ástæða þess að hann leitar í hefðina og vinnur úr því sem þar er að finna. Hann tekur saman reynslu kynslóðanna og tengir við eigin reynslu og dregur á þann máta fram afstæði eigin sjálfs.

Umfjöllun hans um nálægð Guðs sem hefðin geymir tengir hann við reynsluna af fjarlægð og þögn Guðs. Hann gerir báða þætti afstæða en þá í jákvæðum skilningi, er hann leitast við að skapa samtal á milli þeirra. Það mætti orða það svo að maðurinn skynjar bæði að Guð er honum hulinn (l. *deus absconditus*) og maðurinn er það einnig (l. *homo absconditus*) sem leyndardómur í kjarna sínum. Þ.e.a.s. án endanlegrar þekkingar á Guði og heimi lærir maðurinn ekki að virða Guð og veruleikann, menn og sjálfan sig andspænis þeim óljósu mörkum sem öllu eru sett.<sup>33</sup>

Efinn er hér metinn sem jákvæður þáttur trúarinnar.<sup>34</sup> Rosenau grípur hér til þýska hugtaksins *warten* sem þýðir bæði að bíða, vænta og gæta.<sup>35</sup> Prédikarinn ber

<sup>30</sup> Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 168–170.

<sup>31</sup> Hartmut Rosenau, „Segen: Systematisch-Theologische“, bls. 172–173.

<sup>32</sup> Hartmut Rosenau, *Auf der Suche nach dem gelingenden Leben*, bls. 95–98.

<sup>33</sup> Jürgen van Oorschot, „Aspekte implizierter Anthropologie im Alttestament“, *Mensch*, ritstj. Jürgen van Oorschot, Themen der Theologie 11, Tübingen: Mohr Siebeck, 2018, bls. 17–64, hér 37.

<sup>34</sup> Hartmut Rosenau, *Ich glaube — hilf meinen Unglauben: Zur theologischen Auseinandersetzung mit der Skepsis*, Kieler Theologische Reihe 2, Münster: LIT, 2005.

<sup>35</sup> Rosenau vísar hér í grein Martins Heidegger, „Was heißt Denken?“ frá 1952. Hartmut Rosenau, *Vom Warten*, bls. 12, nmgr. 28.

að skilja sem guðfræðing biðarinnar. Guðfræði biðarinnar vísar til vægis biðar og væntingar, vonar um eitthvað sem er ókomið en kemur. Hún horfir til endurkomu eða komu hjálpræðis eða nálægðar Guðs sem lífsfyllingar.<sup>36</sup>

Innan spekihefðarinnar er eigin lífsreynsla og annarra tekin alvarlega en hvorugri veitt algjört vægi, heldur er leitast við að koma á gagnrýnu samtali á milli ólíkra reynsluheima.<sup>37</sup> Markmiðið er að víkka eigin reynsluheim. Það sem Rosenau höfðar hér til er það sem Gerhard Ebeling (1912–2001) nefnir *reynslu af reynslu*.<sup>38</sup>

Styrkleiki þessarar nálgunarinnar er hve daglegu lífi er gert hátt undir höfði, það er sá vettvangur þar sem maðurinn reynir nálægð Guðs í fjarlægð hans. Rosenau talar í samhengi þessa um kærleikann og vægi kynlífsins eins og reifað er í Ljóðaljód-unum. Þar getur nálægð Guðs verið reynd en það merkilega er að í þeim kemur hugtakið Guð ekki fyrir, þó að nálægð hans sé þar greinileg. Mikið er þar talað um ástina og samband karls og konu, sem allt í einu verður á óbeinan máta að tilvísun í nálægð Guðs sem fyllingu lífsins. Lífsánægjan vísar til grundvallar síns í Guði. Svipaða nálgun er að finna innan spekihefðarinnar um samband milli manna m.a. á vinnumarkaðinum, milli konungs og þegna, milli vina, ættingja, foreldra og barna. Í slíkum samböndum eru til staðar kerfi lífs eða lögmál sem má meta sem óbeina tilvísun í nálægð Guðs.<sup>39</sup>

Innan spekihefðarinnar varð þróunin reyndar sú að áhersla var lögð á viss kerfi. Þau urðu að sjálfstæðum stærðum eins og kenningin um að maðurinn uppskeri eins og hann sái, þ.e.a.s. ef maðurinn sinnir skyldum sínum, vinnur verk sitt heiðarlega og skilar sínu samviskulega eru miklar líkur á því að honum vegni vel og líf hans verði merkingarbart. Menn kenna að beint samhengi sé milli verka og velgengi. Sá sem víkur af hinum rétta vegi kallar yfir sig erfiðleika, bölvun og hið illa (sbr. Job).

## Spekin og arfleifð siðbótarinnar

Rosenau telur að fyrir þessa áherslubreytingu innan spekihefðarinnar megi greina samhljóm hennar og kenninga siðbótarmanna um réttlætingu af trú og/eða að maðurinn sé samtímis réttlættur og syndari.<sup>40</sup> Þessum hefðum er sameiginlegt að fordást alhæfingarnar annars vegar á veruleika syndarinnar, með þeim afleiðingum að „allt sé hégómi og eftirsókn eftir vindi“ (Préd 2.17) eða allt sé gott. Áherslan hvílir í báðum stefnum á hugtakinu *samtímis* og það að virða þá tilvistarlegu spennu sem líf mannsins er mótað af. Hér kallast spekihefðin og réttlæting af trú á. Maðurinn verður að virða veruleikann eins og hann kemur fyrir og það þrátt fyrir þverstæður hans eða jafnvel vegna þeirra. Þá verður maðurinn að greina blessun Guðs mitt í hversdagsleikanum og njóta þess sem hann þó hefur (Préd 9.7–9).<sup>41</sup> Manninum ber að virða það góða og rækta það í þeim samböndum sem hann á við m.a. vini, ættingja, börn og maka. Þetta eru allt þættir sem fólk hugar að þegar trúna

<sup>36</sup> Hartmut Rosenau, „Guðfræði spekinna“, bls. 257–260.

<sup>37</sup> Hartmut Rosenau, „Segen: Systematisch-Theologische“, bls. 176–177.

<sup>38</sup> Gerhard Ebeling, „Wort Gottes und Hermeneutik“, *Wort und Glaube*, 3. útgáfa, Tübingen: J.C.B. Mohr, 1960, bls. 319–348; Ulrich H.J. Körtner, *Der Verborgene Gott: Zur Gotteslehre*, Neukirchen-Vlyun: Neukirchener Verlag, 2000, bls. 25–38.

<sup>39</sup> Hartmut Rosenau, *Ich glaube — hilf meinen Unglauben*, bls. 126–131.

<sup>40</sup> Hartmut Rosenau, *Von Freiheit eines Christenmenschen: Grundzüge und Aktualität reformatorischer Theologie*, Kieler Theologische Reihe 15, Münster: LIT, 2017, bls. 76.

<sup>41</sup> Hartmut Rosenau, *Von Freiheit eines Christenmenschen*, bls. 86–90.

ber á góma, þeir höfðu meira til fólks nú á tímum en heimsslitakenningar og helgihald á dögum spekinnar gerðu forðum.<sup>42</sup>

### Samantekt

Að mati Rosenaus veitir spekihefðin guðfræðingum viss tækifæri til að miðla m.a. arfi siðbótarinnar áfram í samtímanum.<sup>43</sup> Í samræmi við nálgun og greiningu fulltrúa spekinnar er það mikilvægt í guðfræðilegri vinnu að huga að forsendum lífs okkar eða þeim lífsferlum sem við fylgjum og þurfum að taka tillit til svo lífið verði lífvænlegt. Hér er um að ræða þau kerfi lífs sem liggja til grundvallar öllu lífi í náttúrunni og samfélaginu og persónulegu lífi hvers og eins. Þau eru vettvangur verka og ábyrgðar mannsins. Innan þeirra reynir maðurinn að líf hans er borið uppi af og umvafið hefðum sem gerir honum mögulegt að lifa og njóta lífsins. Áherslan hvílir hér á þeim samböndum sem maðurinn á stöðugt í, við náttúruna, innan samfélagsins og við aðra. Þessi sambönd og kerfi lífs ber að virða. Að mati Rosenaus má jafnt tala hér um kerfi lífs, stofnanir og sambönd. Þó ber að varast þá tilhneigingu að gefa þeim algilt vægi eða líta á þau sem óumbreytanlega stærð, þar sem þau breytast í framrás sögunnar og í kjölfar tæknilegra nýjunga o.s.frv.

Líf mannsins mun ekki ná jafnvægi ef hann virðir ekki forsendur þess og þau kerfi sem umlykja það og móta. Rosenau vísar í þessu samhengi til þess veruleika sem tjáður er með blessunarhugtakinu innan Ritningarinnar. Maðurinn þarf að læra að virða þá gjöf sem lífið er, því að enginn fæðir sjálfan sig heldur er hver og einn ætíð líf af lífi. Þessi grundvallarstaða mannsins vísar til þeirrar stöðu að maðurinn er á endanum þiggjandi. Hann er það sem honum er gefið. Þessi þáttur á sér sinn fasta stað innan evangelískrar guðfræði og er oft tekinn fyrir í tengslum við umfjöllun um bænina.<sup>44</sup> Rosenau aftur á móti vill tengja hann almennt við greiningu á tilvistarstöðu mannsins. Þessi reynsla skiptir sköpum fyrir líf mannsins, þ.e. að fæðast, vera elskaður og virtur. Að líf mannsins sé merkingarbært er, þegar upp er staðið, ekki eitthvað sem byggist á verki mannsins, heldur nokkuð sem manningum er gefið.<sup>45</sup> Þessi staða leiðir af sér að maðurinn verður að virða hana og leitast við að endurspeglar hana í lífi sínu og starfi. Hann þarf að taka ákvarðanir sem móta líf hans, sumt heppnast og annað ekki, en endanlega er það gert á grundvelli og í umhverfi sem honum er fyrirfram gefið. Þetta er nokkuð sem maðurinn reynir er hann lítur yfir farinn veg og leitast við að leggja mat á lífsferil sinn eða einfaldlega að kvöldi er farið er yfir dagsverkið, jafnvel eftir málsverð yfir vínglasi, þegar hann gleðst yfir að hafa náð einhverju eða gert eitthvað. Með því að njóta þannig góðra gjafa skaparans verður okkur æ ljósara hvernig blessun Guðs hvílir yfir lífi okkar.<sup>46</sup> Hér er að finna þráð sem liggur frá prédikaranum til guðfræði siðbótarmanna, þ.e. náðina sem gjöf,<sup>47</sup> þar sem maðurinn er virtur sem þiggjandi náðar og lífs sem hann

<sup>42</sup> Hartmut Rosenau, „Segen: Systematisch-Theologische“, bls. 182–184.

<sup>43</sup> Í bók Rosenaus um guðfræði helstu siðbótarfrömuðanna *Von Freiheit eines Christenmenschen: Grundsätze und Aktualität reformatorischer Theologie* er viðleitni í þá átt.

<sup>44</sup> Gerhard Ebeling útfærir þessa stöðu mannsins af mikilli næmni í bók sinni Gerhard Ebeling, *Vom Gebet*, Tübingen: J.C.B. Mohr (Paul Siebeck), 1963.

<sup>45</sup> Hartmut Rosenau, *Von Freiheit eines Christenmenschen*, bls. 97–105.

<sup>46</sup> Í lok viðtals við Rosenau í ríkisútvarpinu 9. október 2016 í útvarpsþættinum *499 árum síðar*, er þessa framsetningu hans að finna.

<sup>47</sup> Hartmut Rosenau, *Von Freiheit eines Christenmenschen*, bls. 79–105.

getur, má og á að njóta. Þannig réttlætist maðurinn alfarið fyrir náð Guðs en ekki í krafti eigin verka. Þau eru afleiðing náðarinnar eða lífsins en ekki forsenda þess.

Rosenau er hér trúr hefð spekinnar og grípur ekki til alhæfinga. Sjónarhornið er alltaf bundið við sjálf viðkomandi og hefðina í víðum skilningi sem hann á í samtali við. Þetta er varfærin nálgun sem er heillandi og er auk þess með djúpar rætur í Ritningunni og virku samtali við ritskýringu og biblíuvísindin. Rosenau er hér góður fulltrúi fyrir guðfræðiiðkun sem er m.a. mótandi innan evangelískrar guðfræði í Þýskalandi um nauðsyn náinna tengsla ritskýringar og samstæðilegrar guðfræði eða þeirrar sýnar að samstæðileg guðfræði er edlilegt og rökrétt framhald ritskýringar.<sup>48</sup>

---

<sup>48</sup> Höfundur þakkar Haraldi Hreinssyni fyrir yfirllestur og góðar ábendingar. Einnig þakka ég nafnlausum ritrýnum ritraðarinnar.